

From: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>
Sent: þriðjudagur, 27. apríl 2021 16:09
To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>
Cc: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>; Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæll Kristófer,

Já, ég skil alveg að þessi fjárhæð komi þér á óvart. Tek þó fram að sveitarfélagið getur vissulega veitt hluta af fjárhæðinni með eftirgjöf opinberra gjalda sem það annars mundi innheimta.

Þér og ykkur er að sjálfsögðu ætíð velkomið að hafa samband til að fara betur yfir þetta, en annars bíð ég eftir að málið verði tekið til afgreiðslu á næsta fundi.

Bestu þakkir fyrir samskiptin og ég vona að þér vegni sem best í kjölfar starfsloka.

Kveðja / Best regards

Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS
Lögfræðingur
Lánasvið



Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400

From: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>
Sent: Tuesday, April 27, 2021 1:24 PM
To: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>
Cc: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>; Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæl Herdís

Takk fyrir póstinn. Það verður að segjast að þetta er nokkru hærri tala en gert var ráð fyrir. Persónulega er ég hlynntur þessu verkefni og finnst það mikilvægt fyrir samfélagið. Sveitarstjórn var jákvæð fyrir verkefninu á sínum tíma og Bæjartúni fúslega úthlutað lóðinni. Ég get hins vegar ekki lofað að erindið fari í gegn með þessar breytingu. Við höfum verið í rekstrarerfiðleikum undanfarið. En það er ekki gott að leggja árar í bát.

Ég sé til þess að málið fari á næsta fund sem verður eins og áður segir þann 5. maí nk, og bið oddvitann og arftaka minn að fylgja því eftir. Þau eru hér í viðhengi. Sjálfur geri ég ráð fyrir að láta af störfum í lok vikunnar.

Sú sem tekur við mínum verkefnum ásamt oddvita er Sylvía Karen Heimisdóttir.

Ef til vill heyrumst við betur með málið í vikunni.

Kveðja góð Kristófer T

From: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>

Sent: þriðjudagur, 27. apríl 2021 12:58

To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>

Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæll Kristófer,

Ég tek afsökunarbeiðnina góða og gilda og skil vel að aðstæður séu ekki alveg með hefðbundnu sniði sem stendur. Hins vegar sýnist mér, m.v. upplýsingarnar sem þú sendir, að það þurfi að taka erindið fyrir að nýju hjá sveitarstjórn. Stofnvirði samkvæmt umsókninni eins og hún liggur fyrir okkar megin er kr. 69.330.313,-. Stofnframlag sveitarfélags verður að lágmarki að nema 12% af því, eða kr. 8.319.638,-.

Getur þú gengið frá því að erindið verði tekið fyrir að nýju og að við fáum staðfestingu á afgreiðslu sveitarstjórnar senda strax í kjölfar fundarins 5. maí. Ef sveitarstjórn samþykkir umsóknina þá óska ég jafnframt eftir því að meðfylgjandi skjal (sundurliðun á stofnframlagi sveitarfélags) verði fyllt út.

Kveðja / Best regards

Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS

Lögfræðingur

Lánasvið



Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400

From: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>

Sent: Tuesday, April 27, 2021 12:01 PM

To: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>

Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæl Herdís

Afsakaðu hvað þetta kemur seint frá mér. Þykir það leitt.

Það hafa verið sérstakar aðstæður hér hjá okkur.

Hvað varðar umrætt stofnframlag. Þá var neðangreint bókað 17 febrúar sl. Þar er samþykkt 3,7 mkr framlag til verkefnisins.

1. Erindi frá Nýjatúni/Hrafnshóli.

Lagt fram erindi frá Nýjatúni ehf undirritað af Ómari Guðmundssyni. Félagið hefur fengið úthlutaða lóð við Skólabraut 5 í Árneshverfi. Á því hyggst félagið byggja fimm íbúða raðhús. Nýjatún ehf óskar eftir því við sveitarfélagið veiti 12 % framlag til kaupa á tveimur af þeim íbúðum. Slíkt framlag yrði veitt á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Langtímafjármögnun verður með leiguíbúðalán frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun. Útlagt framlag sveitarfélagsins vegna verkefnisins er áætlað 3,7 mkr. að teknu tilliti til stofngjalda. Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða og felur sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi málsins og samningagerð fyrir hönd sveitarfélagsins. Þess verði gætt að kröfur um viðeigandi auglýsingu vegna verkefnisins verði uppfylltar. Tekið verður tillit til verkefnisins í viðauka við fjárhagsáætlun.

Í viðhengi er póstur frá Ómari hjá Hrafnshóli/Nýjatúni þar sem hann bendir á að stofnframlagið þurfi að vera 5,4 mkr. Ef ekki er hægt að komast af með lægri fjárhæðina 3,7 mkr, þá er varla um annað að ræða en taka erindið fyrir aftur.

Næsti sveitarstjórnarfundur verður 5 maí nk.

Kveðja góð Kristófer T

From: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>

Sent: þriðjudagur, 20. apríl 2021 14:20

To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>; skeidgnup@skeidgnup.is

Cc: Stofnframlag – HMS <stofnframlag@hms.is>

Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæll aftur,

Ég held ekki að ég hafi enn fengið staðfestingu á stofnframlagi sveitarfélagsins og sundurliðun á því. Gætirðu athugað málið og verið í sambandi við mig sem fyrst?

Kveðja / Best regards

Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS

Lögfræðingur

Lánasvið

HMS



JAFNLAUNAVÖTTUN
2021 - 2024

Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400

From: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>
Sent: Thursday, March 18, 2021 2:45 PM
To: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>; skeidgnup@skeidgnup.is
Cc: Stofnframlag – HMS <stofnframlag@hms.is>
Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Sæl Herdís

Takk fyrir erindið
Málið verður tekið til afgreiðslu í sveitarstjórn nk. miðvikudag 24 mars.

Kveðja góð Kristófer T

From: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS <Herdis.Brynjarsdottir@hms.is>
Sent: fimmtudagur, 18. mars 2021 14:42
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Cc: Stofnframlag – HMS <stofnframlag@hms.is>
Subject: RE: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Góðan dag,

Vísað er til póstsins sem var sendur þann 15. mars sl. og gefur að líta hér fyrir neðan. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur nú byrjað efnislegt mat á þeim umsóknum sem bárust um stofnframlag ríkisins, en til að geta lokið slíku mati verður að liggja fyrir hvort sveitarfélög þau sem hlut eiga að máli hverju sinni hafi jafnframt samþykkt að veita stofnframlag sitt vegna byggingar eða kaupa almennra íbúða. Stofnunin leggur áherslu á að afgreiðsla umsókna gangi hratt og vel fyrir sig, sbr. málshraðareglu stjórnarsýsluréttarins, og óskar af þeim sökum eftir því að sveitarfélögin leggi fram umbeðin gögn og upplýsingar **í síðasta lagi þann 15. apríl nk.**

Kveðja / Best regards

Herdís Björk Brynjarsdóttir
Lögfræðingur
Lánasvið
herdis.brynjarsdottir@hms.is

The logo for HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) consists of the letters 'HMS' in a bold, blue, sans-serif font. The 'M' is stylized with a small triangle above it.

Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400

[Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)

From: Herdís Björk Brynjarsdóttir – HMS

Sent: Monday, March 15, 2021 2:17 PM

To: 'skeidgnup@skeidgnup.is' <skeidgnup@skeidgnup.is>

Cc: Stofnframlag – HMS <stofnframlag@hms.is>

Subject: 202102374 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Bæjartún íbúðafélag hses.

Góðan dag,

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur borist umsókn frá Bæjartúni íbúðafélagi hses. um stofnframlag ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Sótt er um vegna byggingar á tveimur íbúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum. Stofnvirði íbúða skv. umsókn er kr. 70.702.313,-.

Með erindi þessu er óskað eftir því að **sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps** staðfesti hvort sveitarfélagið hafi samþykkt umsókn framangreinds umsækjanda um stofnframlag sveitarfélags. Í því samhengi er bent á að það er forsenda fyrir veitingu stofnframlags ríkisins að sveitarfélag þar sem almenn íbúð verður staðsett veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag sveitarfélags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga nr. 52/2016. **Ef sveitarfélagið hyggst veita stofnframlag sitt til verkefnisins er jafnframt óskað eftir upplýsingum um form stofnframlags og sundurliðun á fjárhæð þess, sbr. viðhengt skjal.**

Kveðja / Best regards

Herdís Björk Brynjarsdóttir

Lögfræðingur

Lánasvið

herdis.brynjarsdottir@hms.is

The logo for HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) consists of the letters 'HMS' in a bold, blue, sans-serif font. The letter 'M' is stylized with a small triangle above it.

Borgartún 21

105 Reykjavík

Sími +354 4406400

[Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)